

Nafn sendanda: Sigurður Árni Þórðarson.

Umsögn send 10. apríl, 2017.

Umsögn um 201. mál, þingsályktunartillögu á 146. löggjafarþingi 2016–2017: Uppsögn samkomulags við þjóðkirkjuna um kirkjujarðir o.fl. frá 1997

Þingmenn í flokki Pírata hafa lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um að ríkið segi upp gildum samingi við þjóðkirkjuna. Risastórt eignasafn hennar var í áföngum liðna öld (þ.e. fyrst frá 1907) afhent ríkinu. Ríkið tók við þessum eignum og samdi við þjóðkirkjuna um endurgjald fyrir. Þeir samningar eru lagalega fullgildir. En nú þykir flutningsmönnum að búið sé að borga nóg og ríkið eigi að hætta að borga endurgjaldið. Rífta eigi samningnum en ríkið eigi samt að halda eignunum. Með málflutningi sínum leggja flutningsmenn til að farnar verði aðrar leiðir en gert er ráð fyrir í réttarríki. Þeim finnst að ríkið eigi að hætta að borga en halda samt þeim eignum sem kirkjan afhenti. Í hvaða stöðu er kirkjan sett? Hún framseldi ríkinu eignirnar til að kosta laun prestanna. Greiðsla ríkisins er ekki ríkisframlag heldur endurgjald vegna kaupa á eignum þjóðkirkjunnar. Í réttarríki gildir samningur um verð óháð duttlungum eða síðari tíma tilfinningum.

Samningur ríkis og þjóðkirkju var gerður með fullri meðvitund og heilindum af beggja hálfu. Það var vissulega erfitt að meta verðgildi eignanna en sátt var um matið. Allt eignasafnið var góður hluti jarðeigna í landinu og eignirnar voru og eru verðmiklar. Hvernig á að meta eign Garðakirkju nú, þ.e. landið undir öllum Garðabæ? Hvernig á að meta land undir öllum húsum í Borgarnesi, land Borgarkirkju? Hvernig metum við verðmæti kirkju- og prestssetursjarðarinnar Þingvalla – þó ekki sé nema kristalstært vatnið í Þingvallahrauni? Síðan má meta kirkjujarðir um allt land út frá veiðitekjum, náttúrugæðum ýmis konar, virkjana- og ferðaþjónustumöguleikum.

Tillaga þingmanna Pírata varðar að samningur réttarríkisins gildi ekki gagnvart kirkjunni. Ef meirihluti þjóðar og þings vill rífta þessum samingi þarf að ræða um hvernig það verði gert. Samingurinn eða rof hans varðar ekki sambúð eða aðskilnað ríkis og kirkju. Þjóðkirkjan er frjáls og að mestu óháð ríkinu og ríkið á hafa sem minnst afskipti af henni. Svo fremi sem þjóðkirkjan er ekki hlunnfarin getur hún séð um eign rekstur með greiðslum sem henni ber skv. samningum við ríkisvaldið – eða með því að ríkið skili eignunum eða verðmæti þeirra til kirkjunnar að nýju. Ef ekki er staðið við samninga þarf að endursemjja eða leiða vanefndir til lykta fyrir dómstólum. Í réttarríki verður að virða eignarétt.